

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir sveitarfélagið Dalabyggð.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sveitarfélagið Dalabyggð er eitt fjallskilaumdæmi, sbr. lög nr.6/1986 um afréttamál, fjallskil o.fl. Byggðarráð Dalabyggðar hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar samkvæmt samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar. Það skipar fjallskilanefndir sem annast stjórn og framkvæmd fjallskila hver í sinni fjallskiladeild. Komi upp ágreiningur vegna ákvörðunar fjallskilanefndar sker byggðarráð úr.

2. gr.

Fjallskiladeildir í Dalabyggð eru:

Fjallskiladeild Skógarstrandar

Fjallskiladeild Suðurdala (Hörðudalur, Miðdalir og Haukadalur)

Fjallskiladeild Laxárdals

Fjallskiladeild Hvammssveitar

Fjallskiladeild Fellsstrandar

Fjallskiladeild Skarðsstrandar

Fjallskiladeild Saurbæjar.

Umdæmi framangreindra fjallskiladeilda miðast við landfræðileg mörk þeirra byggðarlaga sem þær eru kenndar við. Byggðarráði er heimilt að breyta mörkum þeirra eða sameina þær, ef það er vilji þeirra fjallskilanefnda sem hlut eiga að máli. Skeri sauðfjárvæðing land fjallskiladeilda, þannig að hluti hennar lendi í öðru varnarhólfi, skal viðkomandi fjallskilanefnd eða byggðarráð leita eftir samvinnu um fjallskil á því landi við nærliggjandi fjallskiladeildir eða sveitarfélög. Fjallskilanefndir geta tekið ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði, svo fremi að þær brjóti eigi í bága við samþykkt þessa.

3. gr.

Fundargerðir fjallskilanefndar skal færa á tölvutæku formi og senda byggðarráði. Með sama hætti skal byggðarráð færa til bókar þær ákvarðanir sem teknar eru vegna fjallskila. Reikningshaldi hverrar fjallskiladeildar skal haldið aðgreindu í bókhaldi sveitarsjóðs en sveitarfélagið annast bókhald og innheimtu fjallskiladeildanna. Endurskoða skal fjallskilareikninga á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

II. KAFLI

Um fjallskil og leitarlönd.

4. gr.

Land það sem fjallskilasamþykkt þessi nær til, skiptist í heimalönd og önnur beitolönd sem nýtið eru sem sumarhagar fyrir sauðfé. Allar jarðir eiga heimalönd en til þeirra teljast girt eða ógirt landsvæði á láglandi næst húsum, ræktarland og önnur svæði innan girðinga. Fjallskilanefnd er heimilt að fella reglubundna haustsmölun heimalanda undir skipulagðar haustleitir skv. 8. gr., að fengnu samþykki umráðamanns landsins.

5. gr.

Öllum, sem búfé hafa undir höndum, sem fjallskilaskyld er, ber að taka þátt í göngum og hreinsun heimalanda samkvæmt fyrirmælum laga nr.6/1986 um afréttamál, fjallskil o.fl. og eftir því og á þann hátt, er mælt er fyrir um á hverjum stað.

Fjallskilaskyldur er hver sá sem á kindur hvort sem þær ganga í heimalandi eða í öðrum sumarhögum. Heimilt er að leggja fjallskil á eigendur hrossa gangi þau í sumarhögum sauðfjár, þar sem skipulagðar haustleitir fara fram. Einnig er heimilt að leggja fjallskil á eigendur geitfjár. Skyldur er hver bóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimafolk sitt og aðra, sem eiga hjá honum fénað, nema lagt sé á þá eigendur sérstaklega.

Fjallskil og kostnað vegna þeirra skal fjallskilanefnd meta til peningaverðs og jafna niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búfjár, samkvæmt haustskýrslum. Heimilt er að leiðrétta tölu fjallskilaskylds búfjár m.v. fjölda lifandi gripa 30. apríl.

Fjallskilanefnd er heimilt að leggja allt að 33% af fjallskilakostnaði á landverð jarða, að fráðregnu verði ræktaðs lands og hlunninda samkvæmt fasteignamati á hverjum tíma. Ef heimild þessi er notuð skal vera sama álagningarhlutfall á landverð allra jarða innan fjallskiladeildarinnar, óháð búfjáreign á hverri jörð.

Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og fjallskilanefnd ákveður, ella greidd í peningum. Sé heimild til að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða notuð, skal landeigendum sem ekki eiga fjallskilaskyldt búfé gefin kostur á að vinna af sér fjallskilin á sambærilegan hátt og fjallskilaskyldir búfjáreigendur gera.

Reki menn fénað sinn í aðra fjallskiladeild til sumargöngu, eða hafi fé sitt í girðingu yfir sumarið, er fjallskilanefnd heimilt að færa niður fjallskilakostnað. Full fjallskil greiðast af því fé sem fjáreigendur reka til sumargöngu, í þeirri fjallskiladeild sem féð er rekið í. Tekjum fjallskilasjóðs skal varið til að greiða kostnað við flutning búfjár milli fjallskiladeilda (sjái fjáreigendur ekki um hann sjálfir), kostnað við gæslu á úrtúningsfé o.fl. eftir ákvörðun fjallskilanefndar. Tekjur fjallskilasjóðs hafa lögtaksrétt.

6. gr.

Öllum þeim sem skyldir eru skv. 5. gr. að gera fjallskil, skal sent rafrænt afrit af fjallskilaseðli viðkomandi fjallskiladeildar með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þar skal taka fram hvaða fjallskil hver og einn á að inna af hendi, tilgreindir leitarstjórar og réttarstjórar, á hvaða svæði hver skuli leita, hverjir eigi að sækja fé í réttir utan sem innan fjallskiladeildar og sérhvað annað er að fjallskilum lýtur. Hægt er að óska eftir útprentuðu eintaki fjallskilaseðils og fer það skv. gjaldskrá um þjónustu skrifstofu sveitarfélagsins. Fjallskilaseðlar allra fjallskiladeilda í sveitarfélaginu skulu einnig vera aðgengilegir á vefsíðu sveitarfélagsins. Allir fjáreigendur skulu að forfallalausni taka við leitarstjórastarfi og er það á ábyrgð fjallskilanefnda að skipa kunnugan einstakling til starfa.

7. gr.

Eigendum jarða er óheimilt að ráðstafa beitarafnotum til fjáreigenda sem búa í annarri fjallskiladeild, án tilkynningar til fjallskilanefndar þar sem land viðkomandi jarðar liggur.

8. gr.

Allir sem hafa jörð til ábúðar eða umráða, eru skyldir að láta smala heimaland hennar fyrir aðra rétt (skilarétt) og koma ókunnugu fé til réttar áður en réttarhald hefst. Umráðamaður lands getur átt samstarf við nágrannabændur og/eða fjallskilanefnd um smölun. Sinni umráðamaður jarðar ekki smölunarskyldu sinni, geta byggðarráð og fjallskilanefnd látið smala landið sbr. lög nr.6/1986 um afréttamál, fjallskil o.fl., að undangengnum tilraunum til samstarfs.

9. gr.

Falli það landsvæði sem fjallskiladeild nær yfir eða verulegur hluti þess úr byggð, getur viðkomandi fjallskilanefnd óskað eftir því að byggðarráð sjái um að fjallskil séu framkvæmd á þeim eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig að eigendur bera ½, fjallskiladeildir þær sem fjárvon eiga í löndunum ¼ og ríkið ¼. Bændasamtök Íslands úrskurða kostnaðarreikninga.

10. gr.

Aðal haustleitir skulu vera tvær:

Fyrri leit skal fara fram laugardag 10. til 16. september

Seinni leit skal fara fram laugardag 24. til 30. september.

Heimil eru eftirtalin frávík frá framangreindum dagsetningum, ef um það er samstaða milli þeirra fjallskiladeilda sem hlut eiga að máli:

Að skipta leitum niður á fleiri daga en að framan greinir.

Að fella niður leit á ákveðnu landsvæði þegar fyrsta leit á að fara fram, enda fari þrátt fyrir það fram tvær leitir á svæðinu.

Að flýta eða seinka annaðhvort fyrri eða seinni leit eða báðum leitum, um eina viku.

Nr.

Fjallskiladeildir í Dalabyggð sem liggja að Strandasýslu, Mýrasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skulu leita eftir samvinnu um haustleitir við þær fjallskiladeildir framangreindra sýslna, sem land eiga á móti þeim. Ef þörf er talin á skipulögðum eftirleitum fara þær fram samkvæmt ákvörðun fjallskilaneftndar.

Sé ætlunin að nýta eitthvert framangreindra frávika skal það tilkynnt byggðarráði fyrir ágúst ár hvert.

11. gr.

Réttir skulu haldnar föstudag, laugardag, sunnudag eða mánudag eftir fyrstu og aðra leit í öllum fjallskiladeildum sveitarfélagsins.

12. gr.

Hver bóndi eða umráðamaður lands er skyldur að hirða það búfé sem finnst í heimalandi hans eftir að leitum er lokið, og tilkynna það réttum eiganda. Umráðamaður lands getur átt samstarf við nágrannabændur og/eða fjallskilaneftnd um smölun.

Finnist búfé í ógirtum sumarhögum eftir að skipulögðum haustleitum er lokið á að handsama það eða tilkynna fjallskilaneftnd viðkomandi svæðis, sem skal þá í samráði við landeiganda, leitarstjóra og fjáreiganda (ef kunnur er), sjá um að því sé náð svo fljótt sem kostur er og tilkynna réttum eiganda. Þurfi að flytja búféð til eiganda greiði hann kostnað við flutning þess samkvæmt reikningi sem fjallskilaneftnd eða byggðarráð hafa samþykkt.

Með björgun kinda úr ógöngum skal farið eins og sagt er í VII. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, með síðari breytingum.

13. gr.

Leitarstjórar sem og aðrir fjallskilaskildir aðilar skulu gæta þess að allir þeir sem eiga að leggja til menn í leitir, sendi svo marga fullgilda leitarmenn sem fjallskilaneftnd hefur fyrirskipað. Fullgildir leitarmenn skulu að jafnaði ekki vera yngri en 16 ára. Leitarstjórar skulu stjórna göngum leitarmanna og sjá um að allt fari skipulega fram. Þeir skulu einnig sjá um að leitarmenn bíði hver eftir öðrum á gangnamótum að svo miklu leyti sem því verður við komið, og haldi leitum samhliða.

Leitarmenn eru skyldir að hlýða leitarstjóra meðan á leitum stendur og allt til þess að safnið er afhent réttarstjóra eða öðrum ábyrgum aðila. Óhlýðni varðar sektum sbr. 36. gr. samþykktar þessarar.

Ef einhver sendir mann í leit sem leitarstjóri telur óhæfan eða vanbúinn, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hafi engan sent. Sama gildir um þann, er sendir ófullgildan mann í útréttir. Leitarmenn skulu vera vel búnir í áberandi litum klæðnaði.

Geri leitarstjóri sig sekan um vítavert kæruleysi eða óreglu í starfi skal hann sæta sektum sbr. 36. gr. samþykktar þessarar.

14. gr.

Vanræki menn álögð fjallskil skal leitarstjóri eða fjallskilaneftnd kaupa mann í staðinn sé þess kostur, og sá er fjallskilin átti að inna af hendi skal greiða kostnað vegna þess skv. mati byggðarráðs til fjallskilasjóðs viðkomandi fjallskilaneftndar. Fáist ekki maður til að vinna verkið skal að auki greiða sekt allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

Athugasemdir við niðurföfnun, vanrækslu eða annað sem við kemur fjallskilum skal skilað skriflega til viðkomandi fjallskilaneftndar fyrir 1. nóvember.

15. gr.

Þess skal jafnan vandlega gæta hvenær sem fé er smalað eða rekið á milli rétta eða geymt, að fara svo vel með féð sem framast er unnt, eigi handleika það eða kvola meira en þörf gerist, eigi láta það standa inni í sveltum nema sem skemmst, eigi láta verða of þröngt um það, né fara svo með það á annan hátt sem getur hrjáð það fram yfir þörf. Allar slíkar óþarfa pyntingar ber að meta sem illa meðferð á skepnum.

Stranglega er bannað að svelta fénað, umfram það sem nauðsyn krefur, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða við smölun heimalands.

Nr.

Öll vísitandi vanskil á fénaði varða sektum, nema þau séu svo vaxin að þyngri refsing liggi við.

Ef vart verður við einhver ískyggileg óþrif eða veikindi í fénaði, skal þegar taka það frá öðrum fénaði og tafarlaust tilkynna það dýralækni, ef hætta þykir á ferðum.

Hvar sem vart verður við fé sem farið hefur yfir varnarlínu (línubrjóta) hvort sem er í smölun afrétta heimalanda eða í réttum, skal handsamað hið fyrsta og fara svo með sem stjórnvaldsfyrirmæli mæla fyrir hverju sinni.

III. KAFLI

Um réttir og réttarstörf.

16. gr.

Fjallskilanefndir skulu sjá um í samráði við byggðarráð, að safngirðingar, lögréttir og aukaréttir séu í góðu ástandi til notkunar. Nægjanlegt dilkrymi skal vera fyrir alla þá sem fjárvon eiga í réttinni, einnig góð aðstaða til sundurdráttar og til að koma réttarfé á bíla eða fjárvagna. Sé þess kostur skal merkja dilka með bæjarnöfnum og bæjarnúmerum en dilka fyrir fé úr öðrum fjallskiladeildum með nafni og númeri viðkomandi deildar.

Er það á ábyrgð fjallskilanefndar á hverjum stað að tilkynna til byggðarráðs ef meiriháttar viðhalds eða viðgerðar er þörf, sem ekki hefur komið fram í úttekt sveitarfélagsins sem framkvæmd er að hausti, áður en réttir hefjast, svo hægt sé að vísa því til í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Kostnaður við byggingu, niðurrif og viðhald lögrétta, safngirðinga og vega að lögréttum greiðist úr sveitarsjóði í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs.

17. gr.

Þeim bændum eða landeigendum sem leggja til land undir réttir og girðingar við þær skal árlega greiða leigu úr sveitarsjóði. Gerður skal skriflegur samningur við landeiganda. Landeigandi á rétt á bótum fyrir jarðrask vegna réttarbyggingar eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður tilnefnir.

18. gr.

Lögréttir eru þessar:

Vörðufellsrétt og Ósrétt á Skógarströnd.

Hólmarétt í Hörðudal.

Fellsendarétt í Miðdölum.

Kirkjufellsrétt í Haukadal.

Gillastaðarétt í Laxárdal.

Skerðingsstaðarétt í Hvammssveit.

Flekkudalsrétt á Fellsströnd og aukarétt er Tungurétt.

Skarðsrétt á Skarðsströnd.

Brekkurétt í Saurbæ.

Ef breyta á um lögréttarstað, þarf samþykki byggðarráðs og almenns fundar þeirra fjáreigenda sem fjallskil eru lögð á, í viðkomandi fjallskiladeild.

19. gr.

Fjallskilanefnd skipar réttarstjóra og skal hann sjá um að réttarstörf fari vel og skipulega fram og skulu allir sem vinna við réttarhaldið hlíta fyrirmælum hans í hvívetna. Réttarstjóra er heimilt að skipa menn til að líta eftir því að fé misdragist ekki.

Allir sem í réttir koma skulu hegða sér þar siðsamlega á allan hátt og engar óspektir gera, svo og varast að tefja þá sem þar eiga að starfa að því að hirða féð, nema brýna nauðsyn beri til.

20. gr.

Enginn má marka kind á eyra í lögrétt, nema með leyfi réttarstjóra. Ekki má taka fé úr dilkum án leyfis réttarstjóra.

21. gr.

Þeir menn sem sendir eru í lögréttir utan sem innan fjallskiladeildar, skulu skila því sauðfé sem þeir taka í réttum samkvæmt ákvörðun fjallskilanefndar.

Nr.

22. gr.

Skýlt er hverjum fjáreiganda, eða þeim sem á fjárvon í réttum, að hafa þar nægilega marga menn til að draga fé sitt, bæði í aðalréttum og skilaréttum, og hirða þar að loknum réttum það fé er þeir eiga.

IV. KAFLI

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

23. gr.

Ómerkinga í réttum skal láta í sérstakan dilk og hleypa þangað ám, sem líkur eru á að lamb vanti undir. Þá ómerkinga sem af ganga skal farið með eftir gildandi reglum. Kindur sem hafa skemmd eyru og ekki er hægt að greina mark á skal farið með sem ómerkinga. Leitast skal við að auðkenna ómerkinga og mæður sem finnast í leitum, ef tök eru á.

24. gr.

Ómerkingum og óskilafé sem kemur fyrir í réttum og ekki finnast eigendur að, skal réttarstjóri sjá um að koma í sláturhús svo fljótt sem kostur er. Áður en slíku fé er lógað skal skrifa nákvæma lýsingu á því þar sem getið er marks og annarra einkenna, sem eigendur gætu helgað sér það eftir. Óskilafé sem fram kemur eftir réttir eða fé sem ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt. Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal sýslumaður selja á opinberu uppboði með 4 vikna innlausnarfresti.

25. gr.

Fyrir árslok skal sveitarstjóri birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, eða um sölu ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á eigendur að gefa sig fram innan tilskilins tíma.

26. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár sem og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðist eiganda ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð þeirrar fjallskiladeildar þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

V. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

27. gr.

Búfé skal draga eftir mörkum og er búfjáreiganda skýlt að hafa glögg mark á búfé sínu. Búfjármörk eru: Örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk. Mark helgar markeiganda eignarrétt nema sannist að annar eigi. Enginn má draga sér búpening sem eigi ber hans rétta mark. Við sönnun eignar er örmerki réthæst, þar næst frostmerki, síðan brennimark, þá plötumerki og síðast eyrnamark. Bæði lömb og ásett fé er skýlt að merkja í samræmi við reglugerð um merkingu búfjár nr. 916/2012, með síðari breytingum.

Um fjármörk, merkingar á búfé og útgáfu markaskrár fer að öðru leyti eftir lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998, með síðari breytingum.

28. gr.

Sveitarfélagið Dalabyggð ræður markavörð til að hafa umsjón með upptöku nýrra marka og að búa markaskrá undir prentun. Markeiganda er skýlt að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá sýslunnar.

VI. KAFLI

Um ágang búfjár o.fl.

29. gr.

Verði mikil brögð að ágangi búfjár úr sumarhögum í heimaland, getur sá er fyrir verður gert byggðarráði og viðkomandi fjallskilanevnd aðvart. Ef um verulegan eða óeðlilegan ágang er að ræða, er byggðarráði/fjallskilanevnd heimilt að fyrirskipa smölun ágangspenings á viðkomandi svæði og færa hann til réttar. Þar er eigendum skýlt að hirða fénað sinn.

Búfé sem er sérstaklega áleitið við fullgildar girðingar, sbr. reglugerð um girðingar, nr. 748/2002, er eiganda skýlt að sækja þegar honum hefur verið tilkynnt um og koma í örugga vörslu.

Nr.

Vanræki eigandi að hirða tilsagðan fénað, má kæra til sýslumanns. Ætíð skal þó vísa slíkum málum sem að framan greinir til byggðarráðs áður en kærur til sýslumanns eru lagðar fram.

30. gr.

Verði verulegur ágangur sauðfjár eða hrossa frá einni fjallskiladeild í aðra, getur sú fjallskiladeild er fyrir ágangi verður óskað eftir að hin fjallskiladeildin greiði bætur fyrir áganginn eða sendi menn í göngur. Miða skal greiðslu við að andvirði eins dagsverks í þeirri fjallskiladeild sem féð gengur í verði greitt fyrir hverjar 60 kindur sem koma til réttar.

Réttarstjóri skal sjá um að telja það fé sem til réttar kemur. Verði ágreiningur um gjalddöku skulu viðkomandi fjallskiladeildir tilnefna einn mann hver og sýslumaður einn mann í nefnd til að úrskurða endanlega um ágreiningsefnið.

31. gr.

Búfénaður sem handsamaður er innan þéttbýlismarka og annarra svæða þar sem gefið hefur verið út að lausaganga búfénaðar sé óheimil, skal afhentur vörslumanni búfjár í viðkomandi sveitarfélagi.

32. gr.

Sé ágangspeningur settur inn skal þess gætt að hann sé ekki í svelt. Ef innsettur fénaður ferst eða slasast greiði sá er inn setur bætur til eiganda.

33. gr.

Með mál sem varða ítölu og verndun beitolands skal farið eins og sagt er í III. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, með síðari breytingum.

VII. KAFLI

Um hross.

34. gr.

Sérhver hrossaeigandi er skyldur að hafa viðurkennt búfjármark á hrossum sínum. Byggðarráð getur bannað að hross gangi í sumarhögum sauðfjár ef ástæða þykir til.

35. gr.

Hrossum skal smala til annarrar réttar séu lögð fjallskil á eigendur þeirra. Fara skal með óskilahross á sama hátt og óskilakindur. Þó skulu þau seljast með 10 daga auglýsingarfresti fyrir söludag og 4 vikna innlausnarfresti eftir söludag. Gjaldfrestur á söluverðinu sé einnig 4 vikur. Eigandi greiðir allan kostnað.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

36. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum refsheimildum. Renna sektir í fjallskilasjóð þeirrar fjallskiladeildar sem brot er framið í. Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með að hætti opinberra mála.

37. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Dalabyggðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum til þess að öðlast gildi. Jafnframt er felld úr gildi fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélagið Dalabyggð nr. 1085/2011.

Búðardal, dd.mm.áááá

Björn Bjarki Þorsteinsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar